



2010

BLAÐIÐ



Bjarni Guðjónsson | Logi Ólafsson | Grétar Sigfinnur | Formaðurinn | Útvarp - KR | Leikjaplanið

Stærsti klúbburinn

Allt um Evrópudeildina



pepsi
deildin



**NIKE
FOOTBALL** 

**ÞEIR BESTU
SPILA Í NIKE**



Sameinuð

Kæru KR-ingar; Evrópukeppnin er krydd í tilveruna og það er kannski ekki að ástæðulausu sem við horfum til þeirrar skemmtilegu keppni. Árangur liðsins til þessa í Pepsi-deildinni er engum að skapi og undir þeim væntingum sem við gerum í Vesturbænum. Hjá því verður hins vegar ekki lítið að góður sigur gegn Glentoran í 1. umferð Evrópu deildarinnar og sú staðreynd að liðið er enn með í VISA-bikarkeppninni er eitthvað til að gleðjast yfir. Líðið hrökk í gang á svipuðum tímamarki í fyrra, þegar þétt var leikið á öllum vígstöðvum. Við vonumst til að sagan endurtaki sig í ár. Leikmenn KR, rétt innstilltir og sameinaðir (alltaf) hafa alla burði til að ná langt í þeim mótum sem nú eru í gangi. Gamla klisjan um að taka „einn leik í einu“ er jafn góð og gild sem fyrr. Það er von okkar að sú reynsla og upplifun sem fæst í Evrópuleikjum geri það að verkum að menn mæti dýrvitlausir og ákveðnir í seinni helming Pepsi-deildarinnar. Þar verðum við að gera betur.

Að spila fyrir KR, á að vera mönnum nægileg hvatning til að gefa allt í leikina okkar, hvort heldur er á heima- eða útivelli. Það eru forréttindi að klæðast KR-búningnum og færri komast

í hann en vilja. Við viljum sjá það í verki, alltaf og alls staðar. Við styðjum við bakið á strákunum, þannig er KR.

Við vitum lítið sem ekkert um andstæðinga okkar, Karpaty Lviv frá Úkraínu. Við vitum þó að knattspyrna er í hávegum höfð í Úkraínu og Shakhtar Donetsk sem unnu UEFA Cup í fyrra skráðu nafn sitt í sögubækurnar sem síðustu sigurvegarnir (keppnin heitir nú Evrópu deildin (Europa League)).

Við bjóðum þá velkomna á KR-völlinn og vonumst til þess að heimavöllur okkar reynist þeim jafn erfiður og Larissa, Basel og Glentoran. Hann er vissulega lítill á Evrópuvísu en okkur finnst hann risastór og höfum því undanfarin ár ákveðið að spila Evrópuleikina „heima“. Karpaty Lviv eru klárlega afar verðugur andstæðingur en það getur allt gerst í knattspyrnu. Miði er möguleiki.

Kærar þakkir fyrir stuðninginn, góða skemmtun og munið „allir sem einn“ ÁFRAM KR!

f.h. knattspyrnudeildar KR
Kristinn Kjærnested, formaður



Welcome Karpaty Lviv
Dear friends from Karpaty Lviv. On behalf of KR Reykjavik Football Club I would like to take the opportunity to offer our warmest welcome. Congratulations on your great success last season and after an 11 year absence from European football, welcome back. We do sincerely hope you'll enjoy your stay in Reykjavik and will take back great memories from our beloved country. Hopefully though you'll have some regrets about the results, tonight or next week.

All the best, good luck and welcome to KR.

Kristinn Kjærnested, Chairman.

Meðal efnis:

Bls. 5 Mótherjinn

Bls. 7 Logi Ólafsson

Bls. 9 Bjarni Guðjónsson

Bls. 13 Grétar Sigfinnur

Bls. 15 NIKE

Bls. 18 Útvarp - KR



VIÐ EINN STAÐUR | ALLT SPORTIÐ

**ELSKUM
FÓTBOLTA**

SPORT.IS ER MEÐ UM 30.000 LESENDUR Í HVERRI VIKU
FÓTBOLTINN ER HJÁ OKKUR

SSPORT.IS

m MEDIA GROUP EHF

Útgefandi: Media Group ehf

Umsjón: Hilmar Þór Guðmundsson
Snorri Sturluson

Ljósmyndir: Hilmar Þór
Umbrot: Media Group ehf
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

Unnið í samstarfi við knattspyrnudeild KR

Okkar lið í boltanum!



AFGREIÐSLUTÍMI
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

Nýtt apótek í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2.

Reykjavíkur Apótek er nýtt og sjálfstætt apótek sem leitast við að bjóða hagstæð verð og framúrskarandi þjónustu.

KR-ingar og allir Vesturbæingar eru okkar fólk!

Áfram KR!

Reykjavíkur  **Apótek**

FC Karpaty Lviv

Úkraínska knattspyrnufélagið FC Karpaty var stofnað í borginni Lviv í janúarmánuði árið 1963, en hvatamenn að stofnun þess voru nokkrir fyrrverandi knattspyrnukappar sem störfuðu í landbúnaðarvélaverksmiðjunni Lvivsilmash. Rétt um milljón manns búa í Lviv, sem er í aðeins 70 kílómetra fjarlægð frá pólsku landamærunum og tilheyrði reyndar Póllandi fram á tuttugustu öldina. Lviv þykir falleg og áhugaverð borg og hefur verið útnefnd „lítlegasti búsetukosturinn“ í Úkraínu

Fyrsti styrktaraðili FC Karpaty var sjónvarpsframleiðandinn Electron, sem enn þann dag í dag rekur verksmiðju í Lviv, en leggur nú orðið afskaplega litla áherslu á framleiðslu sjónvarpstækja. Liðið komst upp í sovésku fyrstu deildina árið 1968.

Helsta og stærsta afrek sitt á knattspyrnusviðinu vann FC Karpaty árið 1969, en þá varð liðið sovéskur bikarmeistari. Karpaty skráði með þessum árangri sínum nafn sitt stórum stöfum í sögubækurnar; liðið lék á þessum tíma í næstefstu deild og er eina liðið utan úrvalsdeildar sem orðið hefur sovéskur bikarmeistari. Karpaty mætti herliði Rostov-on-Don í úrslitaleiknum og athygli vakti að Igor Kulchytsky, fyrirlíði Karpaty, neitaði að taka í hönd annars aðstoðardómarans fyrir leik. Ástæðan var sú að þessi ágæti maður, Eugen Harms, var á línunni í deildarleik hjá Karpaty árið áður gegn Uralmash Sverdlovsk og flaggaði ekki á augljósa rangstöðu þegar Sverdlovsk skoraði sigurmörkið í leiknum. Tapið kostaði Karpaty sæti í efstu deild. Rostov-on-Don hafði eins marks forystu í hálfleik í bikarúrslitaleiknum, en Karpaty skoraði tvö mörk í síðari hálfleik og tryggði sér titilinn.



Undir lok leiksins skoraði Rostov-on-Don rangstöðumark og nú flaggaði Harms eins og enginn væri morgundagurinn.

Karpaty lék í sovésku úrvalsdeildinni árin 1970-77 og náði sínum besta árangri þegar það hafnaði í fjórða sæti árið 1976. Árið 1981 sameinaðist FC Karpaty herliðinu SKA Karpaty og tók upp nafn þess síðarnefnda og liti, rauðan og hvítan, en FC Karpaty hefur alla tíð leikið í grænu og hvítu. SKA Karpaty lék í sovésku fyrstu deildinni til ársins 1989 að FC Karpaty sleit sig frá SKA og tók upp fyrra nafn. Minnstu munaði reyndar að SKA kæmist upp í sovésku úrvalsdeildina árið 1986, en CSKA frá Moskvu hafði þá betur á markamun og fór upp um deild.

FC Karpaty hefur leikið í úkraínsku deildinni frá stofnun hennar árið 1991 og náði sínum besta árangri árið 1998, en þá varð liðið í þriðja sæti úrvalsdeildar. FC Karpaty hefur lengstum dólað um miðja deild, féll reyndar árið 2004 og lék í næstefstu deild í tvö ár. Liðið hefur tvisvar komist í úrslit úkraínsku bikarkeppninnar, en tapaði báðum úrslitaleikjunum gegn Dynamo Kiev.

FC Karpaty fór nærri því að jafna sinn besta árangur á síðustu leiktíð, en þá varð liðið í fimmta sæti úrvalsdeildar. Meistarar Shakhtar Donetsk og Dynamo Kiev hafa haft talsverða yfirburði í úkraínska boltanum frá stofnun úkraínsku deildarinnar, en Karpaty-menn gera sér ágætar vonir um að þeir séu búnir að koma sér fyrir í hópi þeirra liða sem geta ógnað stórveldunum tveimur.

FC Karpaty leikur heimaleiki sína á Úkraínuvellinum í Lviv, sem tekur rúmlega 29 þúsund manns í sæti. Völlurinn var byggður



árið 1963 og hét Druzhba, eða vinátta, fram til ársins 1992. Úkraínუმენн hafa spilað nokkra landsleiki á Úkraínuvellinum, en til stendur að byggja nýjan völl í Lviv fyrir EM 2012.

FC Karpaty er að mestu leyti skipað úkraínskum leikmönnum, en þó eru á mála hjá félaginu Nígíríumaður, Eisti, tveir Serbar og þrír Brasilíumenn.

Meðal þekktustu leikmanna FC Karpaty í gegnum tíðina er Oleg Luzhny, aðstoðarknattspyrnustjóri Dynamo Kiev og fyrrverandi leikmaður Arsenal. Luzhny lék með SKA Karpaty á sínum tíma, færði sig yfir til Dynamo Kiev 1989 og fór þaðan til Arseanl og síðar Wolves. Dmytro Chygrynskiy, sem á dögnum var seldur frá Barcelona til Shakhtar Donetsk, hóf ferlinn hjá FC Karpaty, en fór til Shakhtar aðeins fimmtán ára að aldri.

Í hópi fyrrverandi þjálfara liðsins er svo að finna Ivan nokkurn Golac, sem á sínum tíma þjálfaði ÍA og gladdi landsmenn alla með ígrunduðum fullyrðingum sínum og tilsvörum. Golac þjálfaði Dundee United í Skotlandi áður en hann kom til Íslands, fór m.a. með leikmenn sína út í almenningsgarð á miðri æfingu til þess að láta þá þefa af blómumum og sagðist hafa lært ensku af því að hlusta á plötur The Rolling Stones. Þegar hann tók við liði Skagamanna sagðist hann ekki vera í vafa um að liðið myndi vinna alla leikina átján í deildinni, en margt fer öðruvísi en ætlað er. ÍA tapaði fyrir ÍBV í fyrstu umferðinni árið 1997 og Golac sagðist hafa breytt áætlunum sínum, liðið myndi vinna hina leikina 17. Eftir markalaust jafntefli við Leiftur í annari umferðinni hljóðaði planið hins vegar upp á 16 sigurleiki í röð. Golac var látinn taka pokann sinn eftir ellefu umferðir.



pizzurnar
okkar eru
númer eitt...



Við sendum þér sms
þegar pizzan fer í ofninn

Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum 15 og Eddufelli 6

3 staðir 1 símanúmer

581 15 15

Erfiðir leikir

„Við vitum svona sitt lítið af hverju um þetta lið,“ segir Logi Ólafsson, þjálfari KR, þegar hann er spurður út í andstæðinga KR í annarri umferð forkeppni Evrópudeildarinnar, FC Karpaty frá Úkraínu. „Við búum svo vel að Alexander Freyr á Fótbolta.net hefur verið okkur innan handar og við kunnum honum bestu þakkir fyrir, hann hefur grafið upp fróðleik og upplýsingar um liðið og við eigum t.d. svipmyndir úr fyrsta leik þeirra í Evrópudeildinni í ár. Við svona vitum nokkurn veginn hverjir lykilmenn þeirra eru, hvernig þeir spila og athafna sig á knattspyrnuvellinum.“

„Það má eiginlega segja að það sé yfir þessu liði svona dæmigert sovéskt yfirbragð,“ segir Logi þegar hann er beðinn um að skilgreina FC Karpaty betur. „Þeir spila 4-4-2 og eru með grunnatriðin á hreinu, tæknin er góð, þeir taka vel á móti bolta og kunna sín hlutverk. Það eru þrír Brasilíumenn í þessu liði og þeir brjóta þetta talsvert upp og reynsla íslenskra liða af mótherjum úr austri segir okkur einfaldlega að við verðum að vera tilbúnir og klárir í slaginn. Þessir leikir eru alltaf erfiðir.“

KR-ingar hafa verið á stöðugri uppleið í sumar, spiluðu ljómandi vel í fyrstu Evrópuleikjunum og stuðningsmennirnir líta talsvert til þess að liðinu óx ásmegin í kringum Evrópuleikina á síðustu leiktíð. „Menn hafa góða reynslu af þátttökunni í Evrópukeppni á síðustu leiktíð“, segir Logi. „Það spilar stórt hlutverk í þessu öllu að menn hafa trú á því að þeir geti náð árangri, viljinn og löngunin til að gera vel eru til staðar. Við sýndum það í fyrra að við getum látið til okkar taka, við lékum við tvö sterk lið, Larissa og Basel, og búum að góðri reynslu úr þeim leikjum. Það eru aðrar væntingar í kringum þessa leiki og þessa keppni heldur en eru í kringum leikina hérna heima fyrir. Hér heima á KR á að vinna allt og þetta er svolítið önnur nálgun fyrir alla hlutaðeigandi. Við eigum svo að geta nýtt okkur uppsveifluna í kringum þessa Evrópuleiki

í framhaldinu. Það fór að ganga betur hjá okkur hér heima í kringum ágæta frammistöðu í Evrópuleikjunum í fyrra, það kannski endurnýjaðist svolítið tiltrú manna á verkefnunum. En það er ekkert sjálfgefið í þessu, hlutirnir gerast ekki af sjálfu sér nú frekar en áður og við þurfum að vinna fyrir hlutunum.“

Talsverð meiðslavandræði hafa herjað á KR-inga í sumar, jafnvel svo að erfitt hefur verið fyrir þjálfarann að stilla upp sama liðinu tvo leiki í röð. Logi bendir þó á að meiðslavandræði séu hluti af leiknum og séu eitthvað sem menn verði að vera tilbúnir til að takast á við.

„Fyrsta höggið í meiðslavandræðunum okkar var náttúrulega að missa Grétar í upphafi móts. Við vorum í rauninni ekki með neina varaáætlan varðandi miðverðina og þurftum að færa svolítið til innan liðsins. Guðjón Baldvins er svo frá í dágóðan tíma, Jordao hefur átt það til að meiðast aðeins og svona mætti lengi telja, en þetta er auðvitað hluti af boltanum. Við þurfum að bregðast við þessu eins og allir aðrir. Staðan á liðinu í dag er ágæt, Guðjón er allur að koma til, Jordao er að skríða saman og sem betur fer reyndust meiðslin sem Grétar varð

fyrir í leiknum úti í N-Írlandi ekki jafn alvarlega og óttast var í fyrstu.“


KR-ingar spila ansi þétt þessa dagana og nóg er að gera á öllum vígstöðvum, í deild, bikar og Evrópukeppni. Álagið virðist hins vegar hugnast vesturbæingum ágætlega, fleiri leikir virðast þjappa liðinu betur og betur saman.

„Ég held að ég muni það rétt að við höfum spilað einhverja 14 leiki á 42 dögum í fyrra, það er leikur á þriggja daga fresti, og það hentaði liðinu ágætlega. Þetta er í góðu lagi á meðan allir eru heilir, eða því sem næst, þá er hægt að rúlla mannskapnum ágætlega og gefa minni spámönnum kærkomin tækifæri. Til lengri tíma lítið hlýtur svona álag hins vegar að segja til sín, þetta tekur sinn toll og ef hópurinn er farinn að þynnast mikið, t.d. vegna meiðsla, geta vandræðist hrannast upp á skömmum tíma.“

„Menn vilja samt spila meira og æfa minna, það er gömul saga og ný, þannig að þetta er jákvætt. Þrátt fyrir að æfingarnar hjá KR séu gríðarlega skemmtilegar virðast menn spenntari fyrir því að spila leikina,“ segir lauflettur Logi Ólafsson að lokum.



Nýtt spennandi ódyrt og gott



Höfum opnað nýtt, glæsilegt fisk- og kjötborð. Ný tilboð daglega

Nú er um að gera að koma við og fá sér eitthvað gott í matinn.
Við erum stoltir af okkar nýja fisk- og kjötborði.
Sjón er sögu ríkari

Heitur matur
í hádeginu

Hérna erum við



ESTA
KIÖTVINNSLA

Bryggjuhúsið

FATE
HUSID

GOTT AÐ BORÐA

GOTT AÐ BORÐA!

BARA ÞAÐ BESTA

Stærsti klúbburinn

„Við vitum kannski ekki mikið um liðið sem slíkt, um einstaklingana, en við vitum að lið af þessum slóðum eru alla jafna skipuð stórum og sterkum mönnum sem eru teknískir og fljótir,“ segir Bjarni Guðjónsson, fyrirliði KR, um FC Karpaty, andstæðinga vesturbæinga í forkeppni Evrópudeildarinnar. „Það sem gæti unnið með okkur er að þeir eru byrja sitt tímabil, en þetta er hörkulið sem erfitt verður að eiga við.“

Gerði miklar breytingar, taktískar eða varðandi nálgun, fyrir Evrópuleikina?
„Við fórum í svolítið í aðra uppstillingu og annað leikskipulag í Evrópuleikjunum í fyrra og núna erum við í rauninni farnir að spila svoleiðis hér heima líka. Við erum þess vegna ekki að breyta miklu, breyttum svolítið fyrir Evrópuleikina í fyrra og höfum haldið okkur við það form. Það hentar okkur mjög vel að spila svona, vera þéttir tilbaka og sækja hratt. Það kom í ljós í fyrra þegar við breyttum skipulaginu til að bregðast við sterkari andstæðingum að það hentaði liðinu miklu betur að spila svona. Það hentar okkur mjög vel að vera með einn frammi, þrjá á miðjunni og tvo fljóta og leikna vængmenn.“

Þetta er þá væntanlega skýringin á því líka að ykkur fór að ganga betur hér heima og takturinn virtist allur betri í liðinu í kringum Evrópuleikina í fyrra?
„Já, og það sem gerist hjá sumum er að þegar andstæðingarnir eru betri verður einbeitingin meiri. Sumir leikmenn eru einfaldlega þannig að þeir þurfa áskorun og bregðast við henni með því að bæta sig, bæta einbeitinguna, taka þetta aukaskref sem þarf. Liðið spilar yfirleitt betur í Evrópuleikjunum heldur en það gerir í deildinni hérna heima og við þurfum að taka þetta form og þessa frammistöðu og færa hana yfir í leikina hérna heima. Ef við gerum það held ég að það sé ekkert lið hérna heima sem getur haldið í við okkur.“

Hefur sú gagnrýni sem pundað hefur verið á ykkur verið réttmæt, því var t.d. haldið fram á vormánuðum að það þyrfti ekkert að spila þetta mót, réttast væri að láta ykkur bara hafa bikarinn?



„Það náttúrulega gekk vel hjá okkur í vetur, við náðum upp mjög góðum takti og góðu spili og litum vel út. Mótið byrjaði svo ekkert alltof vel hjá okkur og það var erfitt. Liðin sem koma hingað eru, í langflestum tilfellum,

að spila stærsta leik sumarins. Þeim finnst þetta var flottasti leikurinn og ef þau vilja vinna einn leik í sumar þá er það þessi leikur. Liðin koma hingað í miklum ham, en það er engin afsökun fyrir okkur, við eigum að vera betri

ENGIN AUKAEFNI

ENGIN GERVI BRAGDEFNI

ENGIN GERVI LITAREFNI

ENGIN GERVI SÆTUEFNI

ENGIN ROTVARNAREFNI



Gatorade – fyrsta val íþróttafólks um allan heim

en þetta. Við erum að vinna okkur hægt og bitandi út úr þessu og erum t.d. að breyta því svólítið hvernig við hugsum. Nú er það bara einn leikur

í einu, ekkert kjaftæði, núna hugsum við bara um þennan Evrópuleik og ekkert annað."

Það vakti talsverða athygli þegar þú gekkst til liðs við KR á sínum tíma. Er þetta félag meira og minna eins og þú bjóst við?

„Já já, það er það, og ég svo sem þekkti ágætlega til héra, þekkti bæði leikmenn og umhverfið aðeins, þekkti einhverja í stjórninni frá því að pabbi var héra á sínum tíma og þetta er klúbburinn sem skemmtilegast er að spila fyrir, það er alveg klárt mál. Hefði ég farið eitthvert annað hefði mér alltaf fundist þetta vanta á ferilskrána, að spila fyrir KR. Fyrst það var möguleiki að koma hingað þá var þetta aldrei nein spurning í mínum huga. Umgjörðin héra er frábær, sjáðu bara þjálfarateymið Loga og Pétur og Rúnar og Jónas eru að vinna frábært starf. Það er vel að öllu staðið, flott æfingaaðstaða, vel hugsað um okkur héra inni í klefanum og úti um allt. Það er allt gert til þess að leikmönnum líði sem best. Þetta er stærsti klúbburinn á Íslandi, það er ekkert flókið," segir Bjarni Guðjónsson, fyrirlíði KR.



PIZZUR • STEIKUR • SAMLOKUR • FISKUR • KJÚKLINGUR • GRÆNMETISRÉTTIR • LÉTTVÍN OG ÖL

Vinalegur veitingastaður í vesturbænum

Hér er örlítið sýnishorn af matseðlinum okkar:

Grilluð hunangsmarineruð kjúklíngabringa
með sveppasósu, bakaðri kartöflu, steiktu grænmeti og fersku salati
2250.-

Pönnusteiktur fiskur
borinn fram með sjávarfangssósu, oakaðri kartöflu og fersku salati
1850.-

BBQ-borgari
Með osti, salati, tómötum, súrum gürkum og BBQ sósu ásamt frönskum
1350.-



New Yorker Classic Baquette
með skinku, osti, káli og okkar frábaeru Hróa Hattar sósu ásamt frönskum
1360.-



Hringbraut 119 • sími 55 44444



...ekki bara ljúffengar pizzur



þarf að gera
eitthvað í garðinum?

**GARÐAR
BEST**
EHF.



gardarbest.is • sími 698 9334




Ísbúð

VESTURBÆJAR

HAGAMEL 67

GRENSÁSVEGI 50



Gætum komið á óvart

„Við nálgumst Evrópuleikina kannski svolítið öðruvísi en leikina hérna heima,“ segir varnarjafninn Grétar Sigfinnur Sigurðarson þegar hann er spurður út í komandi Evrópuátök, „en við gerum það líklega ekki eins mikið í ár og við gerðum í fyrra. Við reynum að þetta okkur enn meira tilbaka og spila vel út úr vörninni. Þetta gerðum við rosalega vel í Evrópuleikjunum í fyrra og höfum gert ágætlega í leikjunum til þessa. Við neglum boltanum ekki fram þegar við vinnum hann í vörninni, heldur reynum að spila okkur hratt fram völinn og það gekk mjög vel í fyrra. Við fáum auðvitað alltaf á okkur sóknir, eins og önnur lið, og ef við erum bara í því að negla boltanum fram um leið og við komumst í tæri við hann fáum við einfaldlega á okkur hverja sóknina á fætur annarri. Með því að spila út úr vörninni sköpum við okkur færi á hröðum sóknum og við förum ekki bara í þessa leiki til þess að forðast það að fá á okkur mörk, við viljum vinna þessa leiki. Það hefur orðið svolítill breyting á leik okkar hvað þetta varðar og ég myndi segja að við breytum leikstílnum okkar ekki eins mikið í ár og við gerðum í fyrra. Það sem hefur vantað svolítið hjá okkur í ár er liðsvörnin, að liðið verjist sem ein heild, og við þurfum svolítið að leita í grunnatriðin til þess að laga þetta. Við þurfum að þetta okkur og nýta hraðann í liðinu, við vorum svolítið komnir fram úr okkur með þessi atriði og vorum farnir að opna vörnina okkar ansi hressilega á köflum.“

Hvernig meturðu stöðu liðsins í dag og þá gagnrýni sem dunið hefur á ykkur á löngum köflum?

„Gagnrýnin á ekki að hafa áhrif á okkur, við eigum að vera sterkari en svo að umfjöllun og gagnrýni slái okkur út af laginu. Mér fannst við svolítið missa dampinn eftir jafnteflisleikinn gegn Haukum, menn virtust hreinlega hissa á því að við gætum fengið á okkur mörk og tapað stigum. Það var eins og mönnum væri brugðið og þetta varð allt alveg rosalega erfitt. Svo fóru menn að leita skýringa, meiðsli og sitthvað fleira, menn höfðu trú á því að hlutirnir myndu breytast þegar sjúkralistinn styttist, en það stóð eitt hvað á því.“

„Við urðum ekki lélegt fótboltalið á einni nóttu,“ heldur Grétar áfram. „Við fengum á okkur mörk í fyrra, við vorum ekki með besta varnarliðið. Munurinn er sá að við skoruðum rosalega mikið í fyrra, vorum með mjög flott sóknarlið. Það er eitt hvað sem er ekki að gerast hjá okkur núna. Við vinnum t.d. Stjörnuna 7-3 í fyrra, fáum á okkur þrjú en vinnum samt með fjögurra marka mun.



Það eru reyndar ekki nema þrjú lið held ég sem fá á sig færri mörk, þannig að það er ekki eins og vörnin sé léleg. Við erum að finna leiðir til þess að laga þessa hluti, leita svolítið aftur í grunnatriðin eins og ég sagði áðan og þá er kærkomið að fá þessa Evrópuleiki. Þar er nálgunin örlítið önnur, við kunnum að nálgast það verkefni.“

Hvernig list þér á mótherjana frá Úkraínu, FC Karpaty?

„Við vitum svo sem ekki mikið um þetta lið, ekki frekar en við vissum mikið um Larissa sem

við spiluðum við í fyrra. Líklega er þetta lið af svipuðum styrkleika, jafnvel örlítið sterkara. Við vitum að lið frá þessum slóðum eru mjög vel spilandi, við þurfum að vera þéttir tilbaka og þolinmóðir og sækja hratt þegar við fáum til þess tækifæri. Við gætum kannski komið þeim svolítið á óvart, við erum litla liðið í þessari viðureign og heimaleikurinn er mjög dýrmætur. Ég er mjög ánægður með að við spilum hérna á okkar heimavelli, förum ekki með þennan leik í Laugardalinn og ég held að það geri mikið, völluminn og áhorfendur.“

holitt

er

gott



KJÚKLINGUR

alvöru grillaður kjúklingur

Grensásvegi 5 | Reykjavík | Sími 588 8585

Opið alla daga 11:00 - 22:00

www.bkkjuklingur.is

SIGURSÆL Í NIKE

Nike hefur mörg undanfarin ár framleitt búninga nokkurra þekktustu og sigursælustu knattspyrnuliða heims, bæði félagsliða og landsliða. Meðal þeirra félagsliða sem leika í Nike má nefna Barcelona á Spáni, Inter og Juventus á Ítalíu, ensku liðin Manchester United og Arsenal og svo auðvitað KR. Í hópi landsliðanna eru t.d. Holland, Brasilía og Portúgal, svo fáein séu nefnd.

Það vekur alla jafna nokkra athygli þegar þekktustu félagsliðs heims endurnýja búninga sína, bæði hvað varðar útlit og ekki síður

framleiðsluna sjálfa, sem tekur stöðugum framförum. Flest stórliðanna mæta til leiks í nýjum búningum á komandi leiktíð, sumir þessara búninga hafa verið opinberaðir nú þegar á meðan haldið er í spennuna á öðrum vígstöðvum og óhætt er að segja að nýir búningar Barcelona, Juventus, Inter og Arsenal hafi vakið nokkra athygli.


Treyjurnar eru búnar til úr efni sem Nike hefur nefnt Dri-Fit og hefur notið vinsælda, er létt og þægilegt og gefur betri öndun en gengur

og gerist. Þá vekur það nokkra athygli að búningar nokkurra þessara liða eru framleiddir úr endurunnu efni eingöngu og til að einfalda málið má segja að hver treyja sé framleidd úr allt að því átta vatnsflöskum.

Búningahönnunin þykir hafa heppnast vel og Nike-menn leita talsvert til fortíðar í nálgun sinni. Arsenal er t.a.m. komið í sitt gamla góða útlit, mörgum stuðningsmanninum

til gleði, og búningar Juventus og Inter skarta ansi áhugaverðu randamynstri. Hönnun knattspyrnubúninga er langt og strangt ferli þar sem m.a. stórir prufuhópar

vega og meta ýmsar tillögur í dágóðan tíma. Skoðanir og tillögur þeirra sem skipa þessa hópa, fólks af öllum stærðum og gerðum, ráða mikla um endanlegt útlit viðkomandi búnings, enda skiptir það Nike miklu máli að bæði knattspyrnumönnunum líði vel í búningunum og útlitið falli stuðningsmönnum í geð.



VESTURBÆINGAR NJÓTA SÍN ALLTAF BEST Á TOPPNUM



Grillid
á Hótel Sögu



Ljúffengur matur og víðáttumikið útsýni, meðal annars yfir Vesturbæinn, gera kvöldið á Grillinu einstakt. Njóttu þess besta í mat og drykk á Grillinu á efstu hæð Hótel Sögu.

Radison BLU Hótel Saga • 8. hæð • Sími 525 9960 • www.grillid.is



Ein gjöf sem hentar öllum



Gjafakort Landsbankans er greiðslukort sem býður uppá að gefandinn ákveði upphæðina og viðtakandinn velji gjöfina.

Þú færð gjafakortið í næsta útibúi Landsbankans.

Dags.	Pepsi-deildin:
11. maí	KR 2-2 Haukar
16. maí	KR 1-2 Selfoss
20. maí	Stjarnan 2-2 KR
25. maí	KR 0-0 Keflavík
7. júní	KR 1-2 Valur
10. júní	Fram 2-3 KR
14. júní	FH 3-2 KR
20. júní	KR 1-0 ÍBV
27. júní	Breiðablik 1-2 KR
4. júlí	KR - Grindavík
18. júlí	KR - Haukar
22. júlí	Fylkir - KR
25. júlí	Selfoss - KR
5. ágúst	KR - Stjarnan
8. ágúst	Keflavík - KR
16. ágúst	KR - Fram
22. ágúst	Valur - KR
30. ágúst	KR - FH
12. sept.	ÍBV - KR
16. sept.	KR - Breiðablik
19. sept.	Grindavík - KR
25. sept.	KR - Fylkir

Dags.	VISA-bíkar
2. júní	ÍBV 0-1 KR
23. júní	Fjölnir 1-2 KR
12. júlí	KR 3-2 Þróttur
28. júlí	Undanúrslit
14. ágúst	Úrslitaleikur

Dags.	Evrópukeppni
1. júlí	KR 3-0 Glentoran (N-Írland)
8. júlí	Glentoran 2-2 KR
15. júlí	KR - Karpety (Úkraína)
22. júlí	Karpety - KR
28. júlí	3. umferð Evrópuvæðinganna
5. ágúst	3. umferð Evrópuvæðinganna



- Leikmenn**
1. Þórður Ingason
 2. Grétar Sigfinnur Sigurðarson
 4. Bjarni Guðjónsson
 6. Kjartan Henry Finnbogason
 7. Skúli Jón Friðgeirsson
 8. Baldur Sigurðsson
 9. Óskar Örn Hauksson
 10. Björgólfur Takefusa
 11. Gunnar Kristjánsson
 14. Viktor Bjarki Arnarsson
 15. Egill Jónsson
 17. Hróar Sigurðsson
 18. Mark Rutgers
 19. Ingólfur Sigurðsson
 20. Gunnar Örn Jónsson
 21. Guðmundur Reynir Gunnarsson
 22. Einar Andri Einarsson
 23. Guðjón Baldvinsson
 25. Eggert Rafn Einarsson
 29. Lars Ivar Moldsked
 30. Jordao Diogo

Þjálfari: Logi Ólafsson
Aðst. þjálfari: Pétur Pétursson

Heimavöllur
KR-völlur í Frostaskjöldi

Framkvæmdastjóri
Jónas Kristinsson

Formaður knattspyrnudeilda
Kristinn Kjærnested

Stuðningsmannafélag
Miðjan

KR-klúbburinn
Stuðningsmenn KR í Um 600 félagar
Páll Kristjánsson, formaður



Landsliðsmaður í hverri stöðu



„Þetta þótti nú algjört glapræði á sínum tíma, þessi hugmynd kom upp hjá stjórninni sem tók við í KR-klúbbum 1999 og hún þótti brjálæðisleg,“ segir Höskuldur Höskuldsson, útvarpsstjóri Útvarps KR, um tilurð þessa stórmerkilega fyrirbæris sem skapar sér nokkra sérstöðu í íslenski fjölmiðlaflóru, sem sendir út á FM-tíðninni 98.3. „Við fórum af stað með þetta ég og Sigurjón M. Egilsson á sínum tíma og þessi stöð hefur í rauninni alltaf notið góðs af því við höfum haft á okkar snærum landslið fjölmiðlamanna; Boga Ágústsson, Þröst Emilsson og Hauk Hólm og núna í seinni tíð hafa bæst við snillingar á borð við Ágúst Bogason og Frey Eyjólfsson, svo fáeinir séu nefndir. Sigurður Pétur hefur sömuleiðis verið hjá okkur um árabíl.“

Nú á vormánuðum urðu nokkur þáttaskil í sögu Útvarps KR, en þá settist einn dáðasti fjölmiðlamaður þjóðarinnar og margrómaður KR-ingur við hljóðnemann og hóf upp raust sína við góðar undirtektir, sjálfur Bjarni Felixson.

„Þetta er svona með því merkilegra sem gerst hefur í tólf ára sögu stöðvarinnar, það var frábært að heyra Bjarna loksins lýsa KR-leikjunum eins og honum einum er lagið. Hann hefur líka tekið þátt í upphituninni fyrir leikina og er óendanlegaur hafsjór af fróðleik.“



Koma hans hefur virkað sem vítamínsprautu á alla sem koma nálægt Útvarpi KR.“

Þiggja ekki krónu fyrir sína vinnu, en hins vegar kostar það sitt að halda úti útvarpsstöð. Leigja þarf tæki og tól, greiða fyrir útsendingartíðni og sitthvað fleira.

„Við fundum fyrir kreppunni eins og aðrir og síðustu tvö árin hefur þessi rekstur verið ansi þungur. Hann tengist knattspyrnudeildinni ekki beint, við sjáum um að fjármagna þetta sjálfir og höfum leitað talsvert til fyrirtækja sem tengjast KR. Þetta gengur enn og ég held að þessu verði ekkert hætt héðan af. Þetta er mikilvægt starf félagslega séð og ég held að þetta sé að mælast ágætlega fyrir hjá knattspyrnuáhugafólki almennt.“

En hvers vegna hefur Útvarp KR haldið velli öll þessi ár en aðrar sambærilegara stöðvar hins vegar reynst skammlífur?

„Ég held að umgjörðin og samstaðan skipti þar mestu, við höfum ekki rokið fram úr sjálfum okkur, erum með landsliðsmenn í hverri stöðu og allt er þetta unnið í sjálfböðavinnu. Menn skemmta sér í hverjum einasta leik og við erum sigurvegarar í hverjum leik þótt leikmennirnir okkar eigi það til að missa frá sér stig og stig,“ segir Höskuldur útvarpsstjóri að lokum.



„Við erum eina útvarpsstöðin sem lýsir frá leikjum í Pepsi-deild karla í dag,“ segir Höskuldur þegar talið berst að sérstöðu Útvarps KR. „Við kannski vissum ekki alveg hvað við vorum að fara út í á sínum tíma, en við bjuggum til ágæta beinagrind í upphafi og hún hefur haldið sér meira og minna öll þessi ár. Þetta eru tveggja og þriggja tíma upphitanir fyrir heimaleikina, þar er farið vel og vandlega yfir málin og til eru kallaðir sérfræðingar af öllum stærðum og gerðum. Upphitanir fyrir útileikina eru ögn styttri, síðan kemur lýsingin frá leiknum og svo setjumst við yfir leikinn að honum loknum, köllum til þjálfara og leikmenn og rýnum í þetta fram og tilbaka. Við höfum lýst öllum leikjum KR frá 1999, bæði hér heima og erlendis og hér hafa nokkrir kunnir fjölmiðlamenn stigið sín fyrstu skref. Þar nægir að nefna menn eins og Kristín Kjærnested, Guðmundur Benediktsson og Heimi Guðjónsson.“

Útvarp KR er rekið í sjálfböðavinnu, þeir sem koma að útsendingunum

ALLT SEM ÞARF Í FÓTBOLTANN

– fyrir áhugamenn og afreksfólk, börn og fullorðna

Uhlsport Infinity þjálfaraúþpa
Uhlsport Infinity æfingagalli
Uhlsport íþróttataska
Umbro takkaskór

Umbro Fiego vindjakki
Umbro gervigrasbuxur
Umbro fótoltasokkar
Umbro fótolti
Umbro takkaskór

Uhlsport Infinity íþróttatreyja
Uhlsport Infinity stuttbuxur
Umbro fótoltasokkar
Umbro fótolti
Umbro takkaskór

Uhlsport markmannssett
Uhlsport markmannshanskar
Umbro fótolti
Umbro takkaskór

Uhlsport Infinity íþróttatreyja
Uhlsport Infinity stuttbuxur
Uhlsport fótoltasokkar
Umbro fótolti
Umbro kventakaskór



uhlsport®

SPORTLAND

GRENSÁSVEGI 11 · SÍMI 571 1000
WWW.SPORTLAND.IS

Íbúfen tæklar verkinn



Íbúfen®

– Bólguæyðandi og verkjastillandi

Notkunarsvið: Íbúfen inniheldur íbúprófen sem er bólguæyðandi, verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Íbúfen er notað við liðagigt, slitgigt, tíðaverkjum, tannþínu og höfuðverk. Einnig eftir minniháttar aðgerðir, t.d. tanndrátt. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni eða öðrum skyldum lyfjum (NSAID), með skerta lifrarstarfsemi eða alvarlegan hjarta- eða nýrnasjúkdóm á ekki að nota lyfið. Fólk sem fengið hefur astma, nefslímubólgu eða ofsakláða eftir töku acetylsalicylsýru eða annarra bólguæyðandi lyfja á ekki að nota lyfið. Gæta þarf varúðar við gjöf lyfsins hjá fólki með tilhneigingu til magasárs eða með sögu um slík sár, aukna blæðingartilhneigingu eða helluroða (SLE). Einnig hjá sjúklingum með veilt hjarta, nýrna- eða lifrarsjúkdóm, sérstaklega ef meðhöndlað er með þvagræsilyfi samtímis, þá þarf að fylgjast með mögulegri minnkaðri nýrnastarfsemi og vökvæðun. Lyfið er ekki ætlað barnshafandi konum. **Aukaverkanir:** Íbúfen getur valdið aukaverkunum eins og t.d. meltingaröpægingum, niðurgangi, ógleði, útbrotum, þreytu og höfuðverk. **Skammtastærðir:** Fullorðnir: Venjulegir skammtar eru 600-2000 mg á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Ekki er mælt með stærri dagskammti en 2400 mg. Börn: Venjulegir skammtar eru 20 mg/kg líkamspunga á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Börnum <30 kg skal eigi gefa meira en 500 mg á dag. **Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu.** Lyfið skal geymt þar sem börn hvorki ná til né sjá. Janúar 2009

 **actavis**
hagur í heilsu